Genie
A TEREX BRAND

Stjórnandahandbók

Raðnúmerasvið

Superlift® Advantage

frá 28240 til SLA16-61164
frá SLA16-61165 til SLA16G-64899
frá SLAG-64900 til SLAG-70696
frá SLAP-85613 til SLAP-85612

Þýðing á upprunalegum leiðbeiningum
Third Edition
Fourth Printing
Part No. 97550ISGT

Mikilvægt

Lestu, skildu og hlýddu þessum öryggisreglum og notkunarleiðbeiningum áður en þú notar þessa vél. Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk hefur leyfi til að nota þessa vél. Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni þinni og hún ætti alltaf að fylgja vélinni. Ef spurningar vakna skaltu hafa samband við okkur.

Hafðu samband við okkur:

Internet: www.genielift.com

Tölvupóstur: awp.techpub@terex.com

Efni

Inngangur 1
Öryggisreglur 2
Skýringartexti 6
Skoðun fyrir notkun 8
Virknipróf 10
Skoðun á vinnusvæði 15
Notkunarleiðbeiningar 16
Töflur yfir burðargetu 18
Leiðbeiningar um flutning og lyftingu 20
Límmiðar 21
Tæknilýsing 25

Höfundarréttur © 1994 Genie Industries

Þriðja útgáfa: Fjórða prentun, Júlí 2024

Genie er skrásett vörumerki Terex South Dakota, Inc. í Bandaríkjunum og fjölda annarra landa.

Inngangur



Hætta

Misbrestur á að hlýða leiðbeiningunum og öryggisreglunum í þessari handbók mun leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Þú forðist hættulegar aðstæður.

Þekktu og skildu öryggisreglurnar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum—öryggis- og stjórnandahandbókum og límmiðum á vélinni.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öryggisreglum vinnuveitanda og reglum vinnusvæðisins.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öllum viðeigandi stjórnarreglugerðum.

☑ Þú hafir rétta þjálfun til að nota vélina á öruggan hátt.

Öryggisreglur

⚠ Fallhætta

Má ekki nota til að lyfta fólki eða sem tröppu.

Ekki standa á áfestum meðhöndlunarbúnaði.

Ekki klifra á mastrinu

⚠ Hætta á veltu


Ekki lyfta farmi nema jafnvægisstöng (ef til staðar) og fætur hafi verið sett alla leið niður og læst og hjólin snerti jörðu að öllu leyti.

Ekki lyfta farmi nema pinnar sem halda fótum hafi verið settir alla leið inn í gegnum fót og grunn.



Ekki fjarlægja pinnana á meðan verið er að meðhöndla og/eða hækka vélina.

Ekki lyfta farmi nema vélin standi á traustri jafnsléttu.



Fyrir notkun skal athuga hvort brúnir, holur, ójöfnur, rusl, óstöðugt eða hált yfirborð eða aðrar mögulega hættulegar aðstæður fyrirfinnist á vinnusvæðinu.


Ekki lyfta farminum nema meðhöndlunarbúnaður hafi verið festur tryggilega við vélina.

Ekki nota blokkir til að rétta vélina af.



Ekki færa vélina með farminn uppi, nema til að gera minni háttar breytingar á staðsetningu.

Ekki nota vélina í sterkum vindi eða vindhviðum. Ef yfirborðsflötur farms er aukinn minnkar jafnvægi vélarinnar í vindi.




Ekki hafa farminn uppi þegar hætta er á vindi nema vélin eða vélarnar séu tjóðraðar með kapli.

Ekki valda láréttum krafti eða hliðarálagi á vélina með því að lyfta fastri eða yfirhangandi byrði eða láta hana síga.

Öryggisreglur

Ekki setja stiga eða vinnupalla upp við neinn hluta þessarar vélar.



Ekki nota vélina á yfirborði eða farartæki sem er hreyfanlegt eða á hreyfingu.

Ekki fara umfram skráða burðargetu. Sjá kaflann Töflur yfir burðargetu.

Forðist laust efni og ójafnt yfirborð þegar vél er rúllað með fætur reista upp.

Ekki skipta vélarhlutum sem eru mikilvægir fyrir stöðugleika eða uppbyggingu út fyrir hluta með aðra þyngd eða tæknilýsingu.

Ekki nota gleiða undirstöðu eða flata gaffla á SLA-20 eða SLA-25.

Ekki nota vélina ef fótur með gleiðri undirstöðu getur farið lengra út en að bremsunni.

⚠ Lyftihætta

Notaðu rétta tækni til að lyfta þegar vélinni er komið fyrir eða hallað.

Notaðu rétta tækni þegar meðhöndlunarbúnaður er settur upp eða fjarlægður.

⚠ Hætta á raflosti

Þessi vél hefur ekki verið einangruð fyrir rafmagni og mun því ekki veita vörn gegn snertingu eða nálægð við rafstraum.

Farðu ekki nærri vélinni ef hún kemst í snertingu við raflínur undir spennu. Starfsmenn mega hvorki snerta né nota vélina fyrr en straumur hefur verið tekinn af raflínunum.



Haltu öruggri fjarlægð frá raflínum og raftækjum í samræmi við gildandi reglur og eftirfarandi töflu.

Spenna Fasi til fasa	Lágmarks örugg fjarlægð til nálgunar
0 til 300 V	Forðast skal snertingu
300 V til 50 kV	3,05 m
50 kV til 200 kV	4,60 m
200 kV til 350 kV	6,10 m
350 kV til 500 kV	7,62 m
500 kV til 750 kV	10,67 m
750 kV til 1.000 kV	13,72 m

Gerðu ráð fyrir hreyfingu mastursins og sveiflum eða sigi á raflínum og varastu mikinn vind eða vindhviður.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

⚠ Hætta á líkamstjóni

Ekki grípa í kapalinn.

Öryggisreglur

⚠ Hætta á að kremjast

Ekki lyfta farmi sem ekki er rétt staðsettur í miðju áfests meðhöndlunarbúnaðar.

Ekki hækka farminn nema hann hafi verið festur tryggilega við meðhöndlunarbúnaðinn.



Ekki standa undir vélinni eða leyfa starfsfólki að standa undir henni þegar farmur er uppi.

Ekki standa undir farmi. Mastursbremsukerfið (ef til staðar) leyfir farminum að falla 30 til 92 cm áður en súlurnar læsast.

Ekki láta farminn síga nema hvorki hindranir né starfsfólk sé á svæðinu fyrir neðan.

Haltu höndum og fingrum fjarri fótum sem leggjast saman og öðrum stöðum þar sem hægt er að klemmast.

Haltu þétt um jafnvægisstöngina þegar lásplötunum er sleppt. Jafnvægisstöngin fellur.

Haltu þétt um fótinn þegar festipinninn er fjarlægður. Fóturinn fellur.

Haltu þétt um vinduhandfangið þar til bremsan læsist. Bremsan er læst þegar vinduhandfangið snýst ekki af völdum farmsins.

Stillanlegir flatir gafflar

Ekki skal lyfta farminum nema smellipinnar hafi verið rétt settir í gafflana.



Gaffalslengingar

Ekki lyfta farminum nema gaffalslengingar séu tryggilega festar við gafflana.

⚠ Árekstrarhætta

Hugaðu að fyrirstöðum uppi yfir vinnusvæðinu eða annarri mögulegri hættu.



Ekki halla vélinni aftur nema ekkert starfsfólk og engar fyrirstöður séu á svæðinu.

Notaðu almenna skynsemi og skipulag þegar vélin er flutt í halla.

Ekki koma vélinni fyrir vegna flutnings nema vélin og ökutækið séu á jöfnu yfirborði. Notaðu rétta tækni til að lyfta þegar vélinni er komið fyrir.


Öryggisreglur

⚠ Hætta vegna skemmdrar vélar



Ekki nota skemmda eða bilaða vél.

Ekki nota vél með slitnum, trosnuðum, snúnum eða skemmdum kapli.



Ekki nota vél með minna en fjórar vefjur af kapli á vindunni þegar sleðinn er í neðstu stöðu.

Framkvæmdu ítarlega skoðun fyrir hverja notkun.

Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir. Sjá hlutann um límmiða.

Vertu viss um að handbók stjórnanda sé heil, læsileg og í geymsluhólfi vélarinnar.

Vindan skal ætíð vera vel smurð. Sjá upplýsingar í *hluta- og þjónustuhandbók Genie Superlift*.

Olía eða feiti má ekki vera á bremsuflötum.

Notið ekki neina smurningu á yfirborði súlna.

⚠ Hætta vegna rangrar notkunar

Aldrei skilja vél með farmi eftir eftirlitslausa. Starfsfólk gæti reynt að nota vélina án þess að hafa fengið viðeigandi leiðbeiningar, sem skapar hættu.

Skýring merkinga

Límmiðar á Genie-vörum nota tákn, litakóða og áhersluorð til að tilgreina eftirfarandi:



Öryggisviðvörunartákn – notað til að vara starfsfólk við hugsanlegri hættu á líkamsmeiðslum. Fylgdu öllum öryggisboðum með þessu merki til að koma í veg fyrir möguleg slys eða dauða.

⚠HÆTTA

⚠

Rauður – notaður til að benda á tilvist yfirvofandi hættuástands sem leiðir til dauða eða alvarlegra meiðsla ef ekki er brugðist við því.

⚠AÐVÖRUN

⚠

Appelsínugulur – notaður til að benda á tilvist hugsanlegs hættuástands sem gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla ef ekki er brugðist við því.

⚠VARÚÐ

⚠

Gulur með öryggisviðvörunartákni – notaður til að benda á tilvist hugsanlegs hættuástands sem gæti valdið lítils háttar eða frekar alvarlegum meiðslum ef ekki er brugðist við því.


VARÚÐ

Gulur án öryggisviðvörunartákns – notaður til að benda á tilvist hugsanlegs hættuástands sem gæti leitt til eignaskemmda ef ekki er brugðist við því.

TIL ATHUGUNAR

Grænn – notaður til að benda á notkunar- eða viðhaldsupplýsingar.


Skýringartexti




1 Vinda
2 Kapall
3 Mastur
4 Sleði
5 Stillanlegur armur
6 Akstursh jól (Ef slíkt er uppsett)
7 Fótur
8 Snúningshjól á fæti
9 Gleið undirstaða
10 Læsihnúður arms
11 Festipinni fótar
12 Jafnvægisstöng (Ef slíkt er uppsett)
13 Haldsúla (á gagnstæðri hlið vélar)
14 Stífa á jafnvægisstöng
15 Stöðluð undirstaða
16 Grunnhjól með snúningi/læsingu og bremsu
17 Festipinni fyrir áfestan meðhöndlunarbúnað

Skýringartexti


Hefðbundnir gafflar




Stillanlegir gafflar



Stillanlegir flatir gafflar



Bóma



18 Stífa á mastri
19 Flutningshjól/stýrihandföng
20 Smellipinni
21 Lyftifesta
22 Festing fyrir gaffla
23 Gaffalslengingar
24 Festipinni fyrir gaffalslengingu

Skoðun fyrir notkun



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

Þekktu og skildu skoðun fyrir notkun áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði skoðunar fyrir notkun

Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti. Skoðunin er hönnuð til að greina hvort eitthvað gæti verið að vélinni áður en notandinn gerir virkniprófanir á henni.

Skoðaðu listann á næstu síðu og merktu við hvert atriði.

Ef skemmdir eða önnur óheimil frávik frá verksmiðjuafhentu ástandi uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun.

Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknilýsingu framleiðanda. Eftir að viðgerð er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun aftur áður en hann fer í virkniprófin.

Skoðun fyrir notkun

- ❑ Vertu viss um að handbók stjórnanda sé heil, læsileg og í geymsluhólfi vélarinnar.
- ❑ Gakktu úr skugga um að allir límmiðar séu til staðar og læsilegir. Sjá hlutann um límmiða.

Athugaðu með skemmdir, ranglega uppsetta hluti eða hluti sem vantar og óheimilar breytingar á eftirfarandi íhlutum eða svæðum:

- ❑ Vinda og tengdir hlutir
- ❑ Íhlutir undirstöðu
- ❑ Fætur
- ❑ Jafnvægisstangir og lásplötur (ef slíkt er uppsett)
- ❑ Masturssúlur
- ❑ Ytri plastskífa fyrir öryggisbremsu (ef slíkt er uppsett)
- ❑ Haldsúla sleða
- ❑ Kapalsfesting
- ❑ Kapall og trissur
- ❑ Hjól
- ❑ Áfestur meðhöndlunarbúnaður
- ❑ Rær, boltar og aðrar festingar
- ❑ Kapall (skekkjur, trosnun og slit)

Athugaðu alla vélina með tilliti til:

- ❑ Sprungna í suðu eða íhlutum samsetningar
- ❑ Dælda eða skemmda á vél
- ❑ Of mikils ryðs, tæringar eða oxunar

- ❑ Vertu viss um að allar burðareiningar og annar nauðsynlegur búnaður sé til staðar og að allar festingar og pinnar séu á sínum stað og vel festar.
- ❑ Gættu þess að hafa a.m.k. fjórar vefjur af kapli á vindunni þegar sleðinn er í neðstu stöðu.

Virknipróf



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

Þekktu og skildu virkniprófin áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði í virkniprófun

Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Stjórnandinn verður að fylgja leiðbeiningunum skref fyrir skref til að prófa alla virkni vélarinnar.

Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilanir uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun. Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda.

Eftir að viðgerðum er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun og virknipróf aftur áður en vélin er tekin í notkun.

Virkniprof

1 Veldu prófunarsvæði sem er traust, slétt og laust við hættur.

⚠ Ath.: Gangið úr skugga um að haldsúla sleðans sé ekki yfir sleðanum.

Uppsetning

Vélar án jafnvægisstanga

1 Fjarlægðu festingarpinna fótarins og færðu fótinn niður. Settu pinnann í gegnum legginn og grunninn.



Vélar með jafnvægisstöngum

1 Ýttu niður til að losa lásplötur jafnvægisstanga og leggðu jafnvægisstangirnar niður þar til öll hjólin snerta jörðu. Gættu þess að jafnvægisstengurnar séu læstar niðri.



2 Fjarlægðu festingarpinna fótarins og færðu fótinn niður. Settu pinnann í gegnum legginn og grunninn.




Gleið undirstaða

1 Settu 2 tommur/5,1 cm kubb undir eitt snúningshjól fótar.

2 Losaðu læsihnúð armsins á gagnstæðum stillanlegum armi. Ýttu niður á læsihnúðinn.

3 Settu stillanlega arminn í þá breidd sem óskað er.

⚠ Ath.: Ekki færa stillanlega arminn lengra út en 13.75 tommur/35 cm.



Fjarlægðin milli stillanlega armsins og brúnar gleiðu undirstöðunnar ætti ekki að vera meiri en 13.75 tommur/35 cm.

4 Hertu læsihnúð armsins á meðan stutt er við fótinn.

5 Endurtaktu skref 1-4 fyrir hinn arminn.

Virknipróf

Áfestur meðhöndlunarbúnaður

Staðlaðir gafflar og útfærslur staðlaðra gaffla

1 Settu gafflana inn í sleðann.

2 Settu festipinnann í.



Hleðslupallur með stöðluðum göfflum

1 Settu hleðslupallinn á stöðluðu gafflana.

Röravagga

1 Festu röravöggurnar við gafflana. Gættu þess að festingarnar séu hertar.

Gaffalslengingar

1 Renndu báðum lengingarrörunum á gaffalinn.

2 Stilltu á hentuga staðsetningu og settu festipinnann í.


Stillanlegir gafflar og útfærslur stillanlegra gaffla

1 Settu gafflana inn í sleðann.

2 Settu festipinnann í.



3 Stilltu gafflana á ákjósanlega breidd og gættu þess að smellipinninn hafi verið settur rétt í hvern gaffal.



Hleðslupallur með stillanlegum göfflum

1 Stilltu gafflana á 58,4 cm breidd.

2 Settu hleðslupallinn á stillanlegu gafflana.

Röravagga

1 Festu röravöggurnar við gafflana. Gættu þess að festingarnar séu hertar.

Gaffalslengingar

1 Renndu báðum lengingarrörunum á gaffalinn.

2 Stilltu á hentuga staðsetningu og settu festipinnann í.

Virknipróf

Stillanlegir flatir gafflar


1 Settu festinguna fyrir gafllana í sleðann.

2 Settu festipinnann í.





3 Stilltu gafflana á ákjósanlega breidd og gættu þess að smellipinninn hafi verið settur rétt í hvern gaffal.




Stöðluð bóma

1 Settu bómuna í sleðann.

2 Settu festipinnann í.





3 Komdu lyftifestunni fyrir í hentugu opi á bómunni.


Prófun á notkun eins hraða vindu

1 Settu upp áfestan meðhöndlunarbúnað.

2 Reistu sleðann upp með því að grípa þétt um vinduhandföngin og snúa þeim að mastrinu.

⊙ Niðurstaða: Vindan ætti að renna án fyrirstöðu, stopps eða erfiðleika.

3 Lækkaðu sleðann með því að grípa þétt um vinduhandföngin og snúa þeim að mastrinu. Þegar sleðinn hefur verið færður í hentuga stöðu skal snúa vinduhandföngunum að mastrinu (hækka farminn) í 1/4 snúning til að setja bremsuna á.



⊙ Niðurstaða: Vindan ætti að renna án fyrirstöðu, stopps eða erfiðleika.

Virknipróf

Prófa notkun tveggja hraða vindu


1 Settu upp áfestan meðhöndlunarbúnað.

2 Færðu vinduna yfir á hægan hraða.

3 Reistu sleðann upp með því að grípa þétt um vinduhandföngin og snúa þeim að mastrinu.

⊙ Niðurstaða: Vindan ætti að renna án fyrirstöðu, stopps eða erfiðleika.

4 Lækkaðu sleðann með því að grípa þétt um vinduhandföngin og snúa þeim að mastrinu. Þegar sleðinn hefur verið færður í hentuga stöðu skal snúa vinduhandföngunum að mastrinu (hækka farminn) í 1/4 snúning til að setja bremsuna á.



⊙ Niðurstaða: Vindan ætti að renna án fyrirstöðu, stopps eða erfiðleika.

5 Færðu vinduna yfir á hærri hraða og endurtaktu skref 3 og 4.

Prófa raðaðgerð mastursins

1 Settu upp áfestan meðhöndlunarbúnað.

2 Reistu sleðann upp í efstu stöðu með því að grípa þétt um vinduhandföngin og snúa þeim að mastrinu.

3 Niðurstaða: Sleðinn ætti að fara að toppi fremri hluta mastursins og þar á eftir hver hluti mastursins.

4 Færðu sleðann alveg niður. Þegar sleðinn hefur verið færður í hentuga stöðu skal snúa vinduhandföngunum að mastrinu (hækka farminn) í 1/4 snúning til að setja bremsuna á.

Skoðun á vinnusvæði



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

Þekktu og skildu skoðun á vinnustað áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði við skoðun á vinnusvæði

Könnun vinnustaðar hjálpar stjórnandanum að ákvarða hvort vinnustaðurinn henti fyrir örugga notkun vélarinnar. Stjórnandinn ætti alltaf að gera slíka könnun áður en hann færir vélina inn á vinnustaðinn.

Það er á ábyrgð stjórnanda að lesa og muna hætturnar á vinnustaðnum og síðan að hafa auga með þeim og forðast þær þegar hann hreyfir, setur upp og notar vélina.

Gátlisti fyrir skoðun á vinnusvæði

Gættu þín á og forðastu eftirfarandi hættulegar aðstæður:

- ❑ þverhnípi eða holur
- ❑ ójöfnur, fyrirstöður á gólfi eða rusl
- ❑ hallandi yfirborð
- ❑ óstöðugt eða hált yfirborð
- ❑ fyrirstöður í loftinu og háspennuleiðara
- ❑ hættulegar staðsetningar
- ❑ ófullnægjandi yfirborðsstuðning til að standast alla þá álagskrafta sem vélin býr yfir
- ❑ vind og veðuraðstæður
- ❑ návist starfsfólks í leyfisleysi
- ❑ aðrar mögulegar óöruggar aðstæður

Notkunarleiðbeiningar



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði

Hlutinn með notkunarleiðbeiningum veitir leiðbeiningar um öll atriði sem lúta að notkun vélarinnar. Það er á ábyrgð stjórnandans að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum.

Hættulegt er að nota vélina við nokkuð annað en að lyfta vörum.

Ef fleiri en einn mun nota vélina á mismunandi tímum á sömu vakt verður hver notandi að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í handbókinni. Það þýðir að hver nýr notandi ætti að framkvæma skoðun fyrir notkun, virknipróf og könnun vinnustaðar áður en hann notar vélina.

Notkunarleiðbeiningar

Uppsetning

Veldu svæði sem er traust, slétt og án hindrana.


Fylgdu ferlinu fyrir uppsetningu í hlutanum Virknipróf.

Farmur hækkaður og lækkaður

1 Hafðu farminn á miðju meðhöndlunarbúnaðarins. Sjá kaflann Töflur yfir burðargetu.

2 Festu farminn við meðhöndlunarbúnaðinn.

3 Lyftu farminum upp með því að grípa þétt um vinduhandföngin og snúa þeim að mastrinu. Ekki láta kapalinn vindast ójafnt á tromluna.



4 Færðu farminn niður með því að grípa þétt um vinduhandföngin og snúa þeim að mastrinu. Þegar sleðinn hefur verið færður í hentuga stöðu skal snúa vinduhandföngunum að mastrinu (hækka farminn) í 1/4 snúning til að setja bremsuna á.

Vélin færð með farmi

Á vinnusvæði er best að færa vélina án farms. Aðeins skal færa vélina með farm uppi þegar verið er að staðsetja hana fyrir hleðslu og afhleðslu. Ef nauðsynlegt er að færa vélina með farminn uppi verður að skilja og fara að eftirfarandi öryggisreglum:

- Gættu þess að svæðið sé slétt og án hindrana.
- Tryggðu að farmurinn sé rétt staðsettur í miðju áfests meðhöndlunarbúnaðar.
- Tryggðu að farmurinn sé tryggur á áfestum meðhöndlunarbúnaði.
- Forðast skal skyndilega færslu eða stöðvun.
- Færa skal vélina með farminn í neðstu mögulegu stöðu.
- Haltu starfsfólki fjarri vélinni og farminum.

Eftir hverja notkun

Undirbúðu vélina fyrir geymslu með því að fylgja ferli fyrir uppsetningu í öfugri röð.

Veldu örugga geymslustaðsetningu – traustan, láréttan flöt, veðurvarinn, lausan við fyrirstöður og umferð.

Töflur yfir burðargetu

Skoðaðu og hlýddu:

☑ Sé farmi ekki rétt komið fyrir getur það leitt til dauða eða alvarlegs líkamstjóns.

☑ Gakktu úr skugga um að farmurinn sem á að lyfta sé ekki yfir hámarkinu fyrir þyngdarmiðjuna. Sjá Töflur yfir burðargetu á næstu síðu.

⚠ AÐVÖRUN Hætta á veltu. Ef farmi sem er yfir burðargetu vélarinnar er lyft getur það leitt til dauða eða alvarlegs líkamstjóns.

☑ Þyngdarmiðjan er jafnvægispunktur farmsins og hún verður að vera innan þyngdarmiðjusvæðisins.

⚠ AÐVÖRUN Hætta á veltu. Ef farmi er ekki komið fyrir innan þyngdarmiðjusvæðisins getur það leitt til dauða eða alvarlegs líkamstjóns.

Gafflar

Leiðbeiningar fyrir staðsetningu farms

1 Ákvarðaðu þyngd og þyngdarmiðju farmsins.


2 Mældu að þyngdarmiðju frá þeirri hlið farmsins sem verður næst sleðanum.

3 Sjá töfluna á næstu síðu fyrir upplýsingar um hvort vélin geti lyft þyngdinni miðað við staðsetningu á göfflum.

4 Staðsettu farminn þannig að hann hvíli á göfflunum, eins nálægt sleðanum og hægt er.

5 Komdu farminum fyrir þannig að þyngdarmiðjan sé innan þyngdarmiðjusvæðisins.

6 Festu farminn við gafflana.



1. Þyngdarmiðjusvæði

Sjá töfluna á næstu síðu fyrir upplýsingar um hámarksfjarlægð að þyngdarmiðju fyrir staðlaða gaffla, stillanlega gaffla og flata gaffla.

Töflur yfir burðargetu

Bóma

Leiðbeiningar fyrir staðsetningu farms

1 Ákvarðaðu þyngd og þyngdarmiðju farmsins.

2 Sjá töfluna hér að neðan fyrir upplýsingar um hvort vélin geti lyft þyngdinni miðað við staðsetningu á bómu.

3 Festu farminn við lyftifestuna á bómunni.

mældu að þyngdarmiðju



46 cm 61 cm 81 cm 107 cm

Hámarkslengd að þyngdarmiðju

(mælist frá framhluta sleða)

Hefðbundnir gafflar	61 cm
Stillanlegir gafflar	61 cm
Bóma	107 cm
Stillanlegir flatir gafflar	71 cm
Hleðslupallur	61 cm
Röravagga	46 cm
Gaffalslengingar	107 cm

Tafla yfir burðargetu

Þyngdarmiðja

cm		46	51	56	61	66	71	76	81	86	91	97	102	107
Gerð														
SLA-5														
	kg	454	454	454	454	425	397	369	340	304	268	231	195	159
SLA-10														
	kg	454	454	454	454	414	374	335	295	272	249	227	204	181
SLA-15														
	kg	363	363	363	363	346	329	312	295	281	268	254	240	227
SLA-20														
	kg	363	332	303	272	255	238	221	204	195	186	177	168	159
SLA-25														
	kg	295	264	235	204	193	181	170	159	150	141	132	122	113

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu



Skoðaðu og hlýddu:

☑ Leggja verður flutningsökutækinu á láréttu yfirborði.

☑ Ganga verður tryggilega frá flutningsökutækinu til að koma í veg fyrir að það hreyfist meðan verið er að setja vélina á.

☑ Gættu þess að burðargeta ökutækisins, flutningsfletir og keðjur eða ólar nægi til að standast þyngd vélarinnar. Sjá upplýsingar um þyngd vélar á skráningarmiða.

☑ Vélin verður að vera kyrfilega fest við flutningabílinn. Notaðu keðjur eða ólar af nægilegum styrk.

Vélin sett á

Gættu þess að fjarlæga meðhöndlunarbúnað af vélinni og setja jafnvægisstengurnar í geymslustöðu.

1 Færðu sleðann alla leið niður til að læsa honum fyrir flutning.

2 Snúðu haldsúlunni yfir sleðann.

3 Færðu sleðann upp þar til hann snertir haldsúluna.

4 Stilltu hjólin í hentuga stöðu. Gættu þess að pinninn hafi verið rétt settur í.

5 Læstu afturhjólunum.



6 Settu vélina upp að ökutækinu. Notaðu rétta tækni til að lyfta þegar vélin er færð á ökutækið. Gættu þess að sleðinn sé læstur í lækkaðir stöðu.



7 Notaðu a.m.k. 1 keðju eða ól til að festa vélina við pall ökutækisins. Settu keðju eða ól yfir mastrið. Það getur skemmt fæturna að setja keðju eða ól yfir þá.



8 Vélin er fjarlægð með því að fylgja leiðbeiningunum í öfugri röð.

Vélin sett á með krana

Gættu þess að setja fætur og jafnvægisstangir í geymslustöðu.

Skoðaðu alla vélina og fjarlægðu alla lausa hluti.

Notaðu lyftifestinguna efst á aftari masturssúlunni.



Settu ávallt lyftikrókinn í gegnum lyftiaugað þannig að hann snúi frá vélinni.

Límmiðar


Skoðun merkinga með orðum

Kannaðu hvort merkingar á vélinni beri orð eða tákn. Framkvæmdu viðeigandi skoðun til að staðfesta að allir límmiðar séu læsilegir og á sínum stað.

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
31072	Merking - Geymsluílát handbókar	1
32686	Aðvörun - Vélaröryggi	1
32687	Aðvörun - Öryggi/uppsetning hefðbundinna gaffla	1
32689	Skreyting - SLA-5	2
32690	Skreyting - SLA-10	2
32691	Skreyting - SLA-15	2
32692	Skreyting - SLA-20	2
32693	Skreyting - SLA-25	2
32714	Aðvörun - Öryggi/uppsetning stillanlegra gaffla	1
32715	Til athugunar - Uppsetning flatra gaffla	1
32716	Athugasemd - Bómuuppsetning	1
32717	Aðvörun - Bómuöryggi	1
32718	Aðvörun - Öryggi flatra gaffla	1
32770	Athugasemd - Leiðbeiningar um tveggja hraða skiptingu	1
32775	Aðvörun - Fallhætta, hleðslupallur	1
32885	Aðvörun - Hljóðlát vinda	1
32938	Merking - Notaðu þessa vindu	1
32939	Aðvörun - Hætta á að kremjast, bremsulás	1
33468	Aðvörun - Engir farþegar leyfðir	1
52675	Varúð - Hætta vegna skemmdrar vélar	1
52983	Skreyting - Superlift Advantage Logo	2
97529	Varúð - Hætta á líkamstjóni	1
97547	Hætta - Hætta á raflosti	2

■ Skygging gefur til kynna að límmiði sjáist ekki, sé t.d. undir hlífum.

Límmiðar


32686
97529
32938
Australia models only
52983
97529
32686
32885
32938
32939
32770
52675
31072
32885
32939
32770
Serial Plate
52983
32689
or 32690
or 32691
or 32692
or 32693
32689
or 32690
or 32691
or 32692
or 32693
82959
32687
33468
33468
32775
32714
33468
32718
33468
32715
32716
33468
32717

Límmiðar


Skoðun merkinga með táknum

Kannaðu hvort merkingar á vélinni beri orð eða tákn. Framkvæmdu viðeigandi skoðun til að staðfesta að allir límmiðar séu læsilegir og á sínum stað.

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
32689	Skreyting - SLA-5	2
32690	Skreyting - SLA-10	2
32691	Skreyting - SLA-15	2
32692	Skreyting - SLA-20	2
32693	Skreyting - SLA-25	2
52983	Skreyting - Superlift Advantage Logo	2
82487	Merking – Lestu handbókina	2
82964	Aðvörun - Engir farþegar leyfðir	1
97532	Varúð - Hætta á líkamstjóni	1
97539	Hætta - Hætta á raflosti	2
97541	Merking - Notaðu þessa vindu	1
97542	Aðvörun - Tafla yfir þyngdarmiðju	1
97545	Aðvörun - Læstu bremsu	1
97546	Merking - Tveggja hraða skipting	1

■ Skygging gefur til kynna að límmiði sjáist ekki, sé t.d. undir hlífum.

Límmiðar


52983
97532
82487
82964
97542
97541
97545
97546
Serial Plate
52983
32689
or 32690
or 32691
or 32692
or 32693
32689
or 32690
or 32691
or 32692
or 32693
97539
82487
82964
82487
82964
82784
82964
82487
82964

Tæknilýsing

Gerð	SLA-5	SLA-10	SLA-15	SLA-20	SLA-25
Hæð, frágenginn	2 m	2 m	2 m	2 m	2 m
Stöðluð undirstaða, breidd	80 cm	80 cm	80 cm	80 cm	80 cm
Stöðluð undirstaða, breidd (jafnvægisfætur niðri)	2 m	2 m	2 m	2 m	2 m
Gleið undirstaða, breidd Lágmark	80 cm	80 cm	80 cm	Á ekki við	Á ekki við
Gleið undirstaða, breidd Hámark	1,5 m	1,5 m	1,5 m	Á ekki við	Á ekki við
Lengd, frágenginn	74 cm	74 cm	74 cm	74 cm	79 cm
Lengd, í notkun	1,5 m	1,5 m	1,8 m	2 m	2 m
Hæð frá jörðu	50,8 mm	50,8 mm	50,8 mm	50,8 mm	50,8 mm
Burðargeta með 46 cm þyngdarmiðju	454 kg	454 kg	363 kg	363 kg	295 kg
Athugið: Sjá hlutann Töflur yfir burðargetu fyrir burðargetu með öðrum þyngdarmiðjum.					
Stöðluð undirstaða - Nettóþyngd	97,5 kg	117,9 kg	143,8 kg	183,7 kg	204,1 kg
Gleið undirstaða: - Nettóþyngd	117,0 kg	137,4 kg	163,3 kg	Á ekki við	Á ekki við

Áfestur meðhöndlunarbúnaður	Lengd	Breidd	Dýpt	Nettóþyngd
Hefðbundnir gafflar	70 cm	60 cm	6,4 cm	17,2 kg
Stillanlegir gafflar	70 cm	29 cm til 76 cm	6,4 cm	23,8 kg
Stillanlegir flatir gafflar	81 cm	41 cm til 79 cm	3,8 m	33,1 kg
Bóma	46 cm til 1,1 m	4 cm	16,5 cm	15,6 kg
Röravagga	70 cm	63 cm	15,2 cm	4,5 kg
Hleðslupallur	70 cm	60 cm	6,4 cm	12 kg
Gaffalslengingar (hver)	76 cm	5 cm	7,6 cm	2 kg

Tæknilýsing

Mál		SLA-5	SLA-10	SLA-15	SLA-20	SLA-25
Hefðbundnir gafflar	gafflar niðri	1,5 m	3 m	4,5 m	5,9 m	7,4 m
	gafflar uppi	2 m	3,5 m	5 m	6,5 m	7,9 m
Stillanlegir gafflar	gafflar niðri	1,5 m	3 m	4,5 m	6 m	7,4 m
	gafflar uppi	2 m	3,5 m	5 m	6,5 m	7,9 m
Stillanlegir flatir gafflar		1,5 m	3 m	4,5 m	Á ekki við	Á ekki við
Bóma		1,8 m	3,3 m	4,8 m	6,2 m	7,4 m
Athugið: mælt frá jörð að neðsta hluta festingar						
Hleðslupallur	gafflar niðri	1,5 m	3 m	4,5 m	6 m	7,4 m
	gafflar uppi	2 m	3,5 m	5 m	6,5 m	7,9 m
Athugið: aðeins hægt að nota með hefðbundnum og stillanlegum göfflum						
Röravagga ræður við sívala hluti sem eru allt að 76 cm að þvermáli Athugið: aðeins hægt að nota með hefðbundnum og stillanlegum göfflum (sjá vinnuhæðir að ofan)						
Gaffall sem ekki skilur eftir sig för Athugið: aðeins hægt að nota með hefðbundnum og stillanlegum göfflum (sjá vinnuhæðir að ofan)						
Gaffalslenging bætir 15 til 64 cm við lengd gaffals Athugið: aðeins hægt að nota með hefðbundnum og stillanlegum göfflum (sjá vinnuhæðir að ofan)						
Hljóðþrýstingsstig		<70 dBA	<70 dBA	<70 dBA	<70 dBA	<70 dBA

Dreift af:

www.genielift.com